

Reglugjörð um lækning á hundum í Kjósar- og Gullbringusýslu.

1. gr.

Í öllum hreppum Kjósar- og Gullbringusýslu skal viðhafa lækningar á öllum hundum á þann hátt, sem fyrir er mælt í eptirfylgjandi greinum.

2. gr.

Hreppstjórar í hverjum hreppi skulu annast um, að keyptir sjeu árlega í lyfjabúðinni, samkvæmt fyrirskript frá viðkomandi hjeradslækni, nægilega margir skammtar af því meðali, sem brúka skal, og sem við hafa skal við lækningu á hundum haust og vor, samkvæmt þeirri fyrirskript, er meðalinu fylgir prentuð.

3. gr.

Meðölum þessum og fyrirskript með þeim skal hreppstjórinn útbyta á vorþingi, samkvæmt því lögskipaða hundafram tali á hverju heimili.

4. gr.

Lækninguna skal framkvæma á þann hátt, að hreppstjóri, í samráði við hreppsnefndina, skipti hverjum hrepp í hæfilega mörg umdæmi, t. d. 5 til 10, þar sem bændurnir annaðhvort í sameiningu á einum stað eða með eptirliti hver hjá öðrum framkvæmi lækninguna, svo þeir geti jafnan borið um, hvort lækning hefur fram farið.

5. gr.

Hreppstjórar skulu á hreppaþingum haust og vor nákvæmlega grenslast eptir því, hvort lækningar hafa verið framkvæmdar samkvæmt reglugjörð þessari, og um framgang og árangur lækninganna senda árlega skýrslu til oddvita sýslunefndarinnar fyrir hver árslok.

6. gr.

Fje það, sem með þarf til að kaupa fyrir meðölin, skal tekið úr sýslusjóði.

7. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða sektum frá 1—10 krónum, og fær sá annan helming, sem upp ljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn.

Í sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu, 26. maí 1893.

Franz Siemsen.

P. Guðmundsson. Erlendur Erlendsson. Halldór Sigurðsson.

M. J. Bergmann. Einar Jónsson. Þórður Guðmundsson.

Þorlákur Jónsson. Þórarinn Böðvarsson.